



Reykjavík, 26. október 2012


Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Valgerður Bjarnadóttir, formaður

Í nýafstaðinni ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá kom fram að meirihluti þeirra sem greiddu atkvæði vilja að áfram verði ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskrá.

Kirkjuráð telur að þessi niðurstaða feli í sér að ákvæði 62. gr. í núgildandi stjórnarskrá lýðveldisins Íslands um þjóðkirkjuna nr. 33/1944 skuli haldast óbreytt í tillögu að nýrri stjórnarskrá.

Enn fremur skuli haldast óbreytt ákvæði 79. gr. núgildandi stjórnarskrár um málsmeðferð varðandi breytingar á kirkjuskipun ríkisins.

Virðingarfyllst f.h. kirkjuráðs þjóðkirkjunnar


Agnes M. Sigurðardóttir

Biskup Íslands